

34. Fundur bæjarráðs Blönduósþéjar þriðjudaginn 23. ágúst 2011, kl. 15:00.

Formaður bæjarráðs, Kári Kárasón setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

- 1. Rekstur Blönduósþéjar fyrstu 7 mánuði ársins**
 - 2. Grunnskólinn á Blönduósi**
 - 3. Afgreiðsla 2. liðar b) frá fundi bæjarstjórnar frá 10. maí 2011**
 - 4. Önnur mál**
-

Afgreiðslur:

1. Rekstur Blönduósþéjar fyrstu 7 mánuði ársins

Bókaðar tekjur fyrstu 7 mánuði ársins eru alls 396,5 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir tekjum að upphæð 640 millj. kr. allt árið 2011. Bókuð útgjöld fyrstu 7 mánuði ársins eru 333,2 millj. kr. en fjárhagsáætlun ársins gerir ráð fyrir útgjöldum upp á 580,6 millj. kr. allt árið. Niðurstaða úr rekstri fyrstu 7 mánuði er 62,2 millj. kr. tekjur umfram gjöld en fjárhagsáætlun án afskrifta, verðbóta og söluhagnaðar gerir ráð fyrir 59,4 millj. kr. tekjum umfram útgjöld. Fjárfestingar fyrstu 7 mánuði ársins eru 2,6 millj. kr. en gert er ráð fyrir 7 millj. kr. í fjárfestingar árið 2011.

2. Grunnskólinn á Blönduósi

Formaður bæjarráðs kynnti tillögur að skipuriti Íþróttamiðstöðvarinnar á Blönduósi. Tillögurnar ræddar og bæjarstjóra falið að vinna nánar að tillögnum.

3. Afgreiðsla 2. liðar b) frá fundi bæjarstjórnar frá 10. maí 2011

Á bæjarstjórnarfundum 10. maí sl. var samþykkt að bæjarráð ynni áfram að lið a) undir liðnum önnur mál. Um er að ræða fundargerð bæjarráðs frá 4 maí, þar sem álögð gjöld vegna hestúsa í þéttbýli voru til afgreiðslu.

Hörður Ríkharðsson leggur fram eflirfarandi tillögu: „Legg til að fasteignagjöld á hestús í þéttbýli verði 0,75% af álagningarstofni.“ Tillagan er borin undir atkvæði. Tillagan er felld með tveimur atkvæðum gegn einu.

L-listinn leggur fram eflirfarandi tillögu: „Álagning hestúsa í þéttbýli verður í C-flokki fasteignagjalda (1,55%) sbr. úrskurður Yfirmats fasteignamatnefndar frá

Því í janúar 2011. L-listinn vísar málinu til fjárhagsáætlunargerðar 2012 þar sem gjaldskrár næsta árs verða endurskoðaðar og lagðar fram."

4. Önnur mál

Skólamáltíðir Grunnskólans á Blönduósi

*Bæjarstjóri kynnti fyrirkomulag afsláttarkerfis skólamáltíða skólaárið 2011-2012 .
Boðið verður upp á tvo áskriftarmöguleika. Annars vegar að nemendur séu skráðir í mataráskrift í 1 önn fyrir fram og hins vegar að nemendur séu skráðir í mataráskrift 1 mánuð fyrir fram.*

*Bæjarráð samþykkir að taka upp afsláttarkerfi skólamáltíða skólaárið 2011-2012.
Bæjarstjóra falið að vinna frekar að málinu í samráði við skólayfirvöld.*

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 16:25

*Kári Kárason (sign.)
Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Hörður Ríkharðsson (sign.)
Valgerður Hilmarsdóttir (sign.)*

Arnar Þór Sævarsson (sign.)